

640. fundur haldinn mánudaginn 16. september 2002 kl. 10:00
Hótel Ísafirði

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Halldór Bjarnason, varafulltrúi SAF
Anna Sverrisdóttir, varafulltrúi SAF
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Kristján Þór Júlíusson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

Áður en gegnið var til dagskrár sagði formaður frá Vestnorden kaupstefnunni, sem haldinn var 10.-12. september á Akureyri og aðalfundi Ferðamálaráðs Norðurlanda, sem haldinn var 6. september í Reykjavík.

1. Fundargerð 639. fundar.

Afgreiðsla: Samþykkt

2. Opinber fjármögnun til ferðamála.

Lagt fram til umræðu minnisblað, sem ferðamálastjóri hafði tekið saman að beiðni ráðsins um þróun fjárveitinga hins opinbera til ferðamála. Í minnisblaðinu kemur fram sú þróun að fjárveitingar eru í vaxandi mæli verkefnatengdar. Ráðsmenn töldu almennt að þessi þróun hefði leitt til meiri möguleika til aukinnar starfsemi. Miklar umræður fóru fram um nauðsyn þess að tryggja aukið fjármagn til fleiri verkefna og voru þar sérstaklega nefnd menningartengd ferðabjónusta, kynningarmál og til frekari styrkja í umhverfismálum.

3. Rannsóknir og kannanir í ferðabjónustu.

Formaður lagði fram til umræðu hugmyndir sínar um breytingar á fyrirkomulagi rannsókna hjá Ferðamálaráði. Þar sem nú væru rannsóknir í ferðabjónustu nokkuð dreifðar væri að hans mati spurning hvort ráðið ætti sjálft að stunda rannsóknir, en veita frekara fjármagn til nauðsynlegra rannsókna og hvetja þannig til og stuðla að auknum rannsóknum hjá þeim stofnunum sem stunda rannsóknir í ferðabjónustu. Í umræðum kom fram nauðsynlegt væri að halda áfram könnunum ráðsins.

Afgreiðsla: Samþykkt tillaga formanns varðandi rannsóknir og að leitað yrði leiða til að halda áfram könnunum ráðsins, en leitað yrð jafnframt í allra leiða til að draga úr kostnaði við framkvæmd þeirra.

4. Breyttar áherslur í starfsemi erlendis?

Farið var yfir síðustu breytingar í kjölfar samþykka ráðsins, þ.e. flutning starfsemi frá París til Frankfurt. Þá er ráðgert að opna skrifstofu í Kaupmannahöfn síðla árs 2003. Þannig verði erlend starfsemi ráðsins á þremur skrifstofum frá og með árslokum 2003.

5. Upplýsingamiðstöð ferðamála

Pétur Rafnsson gerði grein fyrir stöðu málsins hvað varðar samninga við Reykjavíkurborg um rekstur Upplýsingamiðstöðvar.

Afgreiðsla: Samþykkt að ganga frá samningi á grunvelli texta sem fyrir liggur. Mikilvægt að það verði gert fyrir næstu mánaðarmót og leitað verði eftir fjármagni, sem þarf til að ljúka málinu.

6. Framtíð Handbókar Ferðamálaráðs.

Ferðamálastjóri gerði grein fyrir ýmsum vandkvæðum sem eru á þeirri framkvæmd að gefa út tvær mismunandi gerðir handbókar Ferðamálaráðs eins og verið hefur sl. ár.

Afgreiðsla: Samþykkt að gefa út eina gerð Handbókar með öllum gagnagrunni ráðsins.

7. Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs.

Fyrir fundinum lá tillaga umhverfisfulltrúa, sem hann hafði unnið úr innsendum tillögum.

Afgreiðsla: Samþykkt ráðsins verður kynnt á Ferðamálaráðstefnu 17. október.

8. Önnur mál.

a) Formaður gerði að umtalsefni vandamál vegna fjárfestinga í gististöðum á landsbyggðinni. Sagði að

hér væri að sínu mati um að ræða vaxandi vanda. Gerði að tillögu sinni að á næsta fund ráðsins kæmi fulltrúi frá Byggðastofnun og gerði ráðinu frekari grein fyrir stöðu málsins hvað þá varðar.

b) Lögð fram samantekt markaðsstjóra um talningar erlendra ferðamanna í Leifsstöð á árinu. Þar sem enn vantar tölur frá einum aðila til að ljúka samantektinni var ákveðið að bíða með að dreifa umræddum upplýsingum.

c) Fram hafa komið hugmyndir um að halda Umhverfisráðstefnu á vegum ráðsins í haust. Samþykkt var að halda umhverfisráðstefnu í nóvember.

d) Formaður gerði að umræðuefni mikilvægi þess að unnin yrði gátlisti vegna tjaldsvæða. Þetta væri ekki síst mikilvægt fyrir sveitarfélög til að koma í veg fyrir hugsanleg mistök við uppbyggingu svæðanna. Samþykkt var að slíkur listi yrði unnin af skrifstofu sem fyrst.

e) Spurst var fyrir um styrki til innlestrar kynningar. Verið er að ljúka því að vinna úr umsóknum og munu upplýsingar liggja fyrir á næsta fundi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 14:40